

Berist til:

Allsherjar og menntamálanefndar Alþingis

Reykjavík, 31. október 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um þingskjal 309 – 302. mál, stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (sameiginleg vernd).

Virðingarfyllt,

f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

þingskjal 309 – 302. mál, stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (sameiginleg vernd).

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu stjórnarfrumvarpi.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur um langt árabil sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og einstaklinga með vernd, m.a. á grundvelli samninga við stjórnvöld. Eftirfarandi umsögn félagsins er fyrst og fremst mótuð af því hlutverki sem og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa á borð við flóttafólk og farendur.

Rauði krossinn á Íslandi starfar ávallt samkvæmt grunngildum hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í málefnum farena.

Athugasemdir

Rauði krossinn vill hrósa stjórnvöldum fyrir móttöku fólksins frá stríðshrjáðum svæðum Úkraínu.

Það Úkraínufólk sem hér er í tímabundinni vernd er hluti af samfélaginu okkar hér á meðan það dvelur hér, stundar m.a. vinnu og nám, er með börn í skólum, leigir íbúðarhúsnæði, lærir tungumálið o.s.frv. Er þannig með margvíslegar skuldbindingar og áætlanir um nánustu framtíð sína. Eins og við höfum orðið vör við í okkar starfi skiptir það fólkið miklu máli að fá að vita sem allra fyrst hvort verndin verði framlengd. Það þarf síst á að halda óþarfa áhyggjum af því hvort það fær skjól hér áfram. Í greinargerð kemur fram að síðasta framlenging verndarinnar var ákveðin 1. febrúar 2024 sem var aðeins um mánuði áður en leyfi þeirra sem komu fyrst, runnu út. Æskilegra væri að tilkynna framlengingu verndar með nokkurra mánaða fyrirvara og viðkomandi gætu þá, eins og segir í greinargerðinni „...búið við fyrirsjáanleika...“.

Ofangreint er efnislega sú umsögn sem Rauði krossinn skilaði í samráðsgátt stjórnvalda 19. okt sl. vegna beiðni dómsmálaráðuneytis um umsögn á drögum þessa frumvarps. Þá taldi félagið að fólki, sem þetta frumvarp á við, væri heimilt að sækja um vernd á grundvelli 37. gr. á hvaða tímamarki sem væri eftir komuna hingað til lands ef það kysi það fremur en sameiginlegu verndina. Enda getur slík vernd verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.

Við nánari yfirferð og samráð við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna er ljóst að lögin gera ekki ráð fyrir því.

Rauði krossinn vill minna á flóttamannasamning SP og rétt allra til að sækja um vernd og ítrekar jafnframt að fyrirsjáanleiki er mikilvægur flóttafólki. Félagið leggur því til að ef lengja á sameiginlegu verndina í fimm ár þá megi fólk hvenær sem er á því tímabili sækjast eftir því að umsókn þeirra verði tekin til efnismeðferðar.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til samtals og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.